


FLYGILDI







EFNI

- ☐ band
- ☐ blöð
- ☐ fura, 12mm
- ☐ krossviður, 6mm
- ☐ tréstöng, 6mm

VERKFÆRI

- ☐ bor
- ☐ borvél
- ☐ blýantur
- ☐ kalkipappír
- ☐ laufsög / tifsög
- ☐ sandpappír
- ☐ þjöl





1

VERKLÝSING


- Teiknaðu bók fyrir flygildi á blað.
- Hannaðu þitt eigið flygildi eða furðufugl.
- Auðvelt er að aðlaga verkefnið og flækja á ýmsa vegu t.d. að gera fætur, stél eða skott sem festast á bókinn. Festa þessa hluti áður en borað er í fyrir vængjum til að jafnvægið sé rétt.

2



- Fáðu viðarbút hjá kennara.
- Settu kalkipappír á viðarbútinn og teikninguna þína ofan á.
- Tylltu þessu niður með málningarlímbandi.
- Passaðu að snúa kalkipappírnum rétt.
- Dragðu nú yfir teikninguna þína með blýanti.
- Losaðu teikninguna og kalkipappírinn.
- Nú á myndin að vera komin yfir á viðinn.

3




- Sagaðu fuglsbúkinn út með tif- eða laufsög.
- Sverfðu brúnirnar með þjöl og pússaðu svo með sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.

4


VERKLÝSING

- Teiknaður fuglsvæng á annað blað. Vængurinn þarf að vera jafn langur eða lengri en búkkurinn.
- Athugið: Lengri vængir fljúga betur.
- Settu nú kalkipappírinn á krossviðsplötuna og teikninguna af vængnum ofaná.
- Passaðu að hafa pláss fyrir tvo vængi.
- Dragðu yfir teikninguna af vængnum með blýanti. Færðu kalkipappírinn og teikninguna og dragðu upp annan væng.



5

- Sagaðu vængina út með tif- eða laufsög.
- Sverfðu brúnirnar með þjöl og þússaðu svo með sandpappír.
- Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.



6

VERKLÝSING

- Finndu nú jafnvægispunktinn á búknum. Ef þú heldur laust í búkinn með tveimur fingrum fyrir um það bil miðju búksins og hann hallar hvorki fram né aftur hefur þú fundið jafnvægispunktinn. Merktu hér með blýanti.
- Finndu miðjuna á enda vængjanna. Boraðu nú tvö göt á endann á hvorum væng, hvoru megin við miðjuna.
- Leggðu miðlínu vængsins við miðjupunkt búksins og merktu fyrir tveimur götum með sama millibili og á vængnum. Boraðu nú tvö göt á á búkinn.

7

- Þræddu band í gegnum göt búksins og vængjanna. Athugaðu að bandið fer á milli gata undir vængjunum.
- Bintu bandið passlega fast þannig að vængir fuglsins geti hreyfst.

8

VERKLÝSING

- Finndu nú jafnvægispunkt vængjanna. Þetta gerir þú með því að hengja tvö bönd í kringum vængi fuglsins. Þegar vængirnir eru í beinni lágrétttri línu, og halda jafnvægi, merktu hvar böndin liggja á vængnum. Boraðu nú tvö göt á sitthvorn vænginn, í línu við merkingarnar.
- Boraðu gat á sitthvorn endann á tré stönginni.
- Þræddu sitthvort bandið í gegnum vængina og bintu í gegnum götin á stönginni.

9

- Málaðu eða skreyttu flygildið að eigin vild.